

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/194
komudagur 28.11.2005

From: Arndís Arnardóttir [arndis@sa.is]

Sent: 25. nóvember 2005 14:06

Subject: Umsögn SA um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003, ferðakostnaður 37. mál.

Sæl

Frumvarpið var lagt fram á 128. löggjafarþingi og vísa Samtök atvinnulífsins í fyrri umsögn sína um málið dags. 29.11.2002.

<<Tekju- og eignarskattur ferðakostn. 26.pdf>>

Kveðja
Arndís

25.11.2005

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Við Austurvöll

150 REYKJAVÍK

SA/


Rvk. 29.11.2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 26. mál, ferðakostnaður, 128. löggjafarþing 2002-2003.

Í frumvarpinu er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, að lágmarki 120.000 og að hámarki 400.000 kr. á ári. Frádrátturinn nái þó ekki til þeirra sem fá greiddan ökutækjastyrk.

Samtök atvinnulífsins eru andvíg þeirri tillögu sem fram kemur í framangreindu frumvarpi og mæla því gegn samþykkt þess. Frumvarpið felur í sér auknar frádráttarheimildir frá tekjuskattstofni, og þar með rýrnun skattstofnsins, sem að öðru óbreyttu hlýtur að kalla á hækkun skatthlutfalla. Auknar undanþágur frá skatti og hærri skatthlutföll stuðla að auknum undanskotum og skattasniðgöngu. Augljóst er að það er ekki verið tilgangur frumvapsflytjenda og því er verr af stað farið en heima setið í þessu efni. Rétt er að minna á að þegar núverandi tekjuskattkerfi var tekið upp árið 1988 voru frádráttarliðir sem næst afnumdir og skatthlutfallið lækkað verulega. Sú stefnumörkun er í fullu gildi og á jafnvel við nú sem þá. Loks virðist þess misskilnings gæta í greinargerð að greiðslur vegna aksturs til og frá vinnu sé heimil hjá þeim sem fá greiddan ökutækjastyrk. Svo er ekki.

Virðingarfyllst,



Ari Edwald, framkvæmdastjóri